

**1992 nr. 30 27. maí****Lög um yfirskattanevnd**

**Tóku gildi 1. október 1992.** *Breytt með* L. 111/1992 (tóku gildi 1. jan. 1993), L. 37/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), L. 31/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), L. 37/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), L. 96/1998 (tóku gildi 24. júní 1998), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), L. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 69. gr.) og L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

*Upphafsaðkvæði.*

■ **1. gr.** Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanevnd.

*Gildissvið.*

■ **2. gr.** Úrskurðarvald yfirskattanevndar tekur til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt . . . <sup>1)</sup> lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlána-sjóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlánsstofnana, lögum um Þjóðarbókhöfðu og endurbætur menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

□ Yfirskattanevnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem [ríkisskattstjóri úrskurðar um] <sup>2)</sup> skv. 1. mgr.

□ Yfirskattanevnd skal úrskurða um sektir skv. [109., sbr. 110. gr., laga nr. 90/2003, um tekjuskatt], <sup>1)</sup> skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, [skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skv. 38.–40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 145/1994, um bókhald, og skv. 84.–87. gr., sbr. 88. gr., laga nr. 144/1994, um ársreikninga]. <sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 93. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2009, 66. gr. <sup>3)</sup> L. 37/1995, 8. gr.

*Aðild.*

■ **3. gr.** Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanevndar kærur úrskurðum . . . <sup>1)</sup> ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

□ [Viðkomandi sveitarfélagi er eftir atvikum heimilt að kæra úrskurði ríkisskattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.] <sup>1)</sup>

□ Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanevnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skatt-rannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 67. gr.

*Lögsaga.*

■ **4. gr.** Yfirskattanevnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

*Kærufrestur.*

■ **5. gr.** [Kærufrestur til yfirskattanevndar skal vera þrjú mánuðir frá póstlagningu úrskurðar . . . <sup>1)</sup> ríkisskattstjóra.

□ Kæra skal vera skrifleg. Kærinni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar . . . <sup>1)</sup> ríkisskattstjóra sem kærnan tekur til. Í kærinni skal koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta

kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærinni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

□ Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirskattanevnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirskattanevnd vísa kærinni frá. <sup>2)</sup>

□ [Kæra til yfirskattanevndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.] <sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 68. gr. <sup>2)</sup> L. 96/1998, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 37/1993, 36. gr.

*Gagnaöflun.*

■ **6. gr.** Yfirskattanevnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kærur skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. [Hafi sveitarfélag kært úrskurð ríkisskattstjóra], <sup>1)</sup> sbr. 5. gr., skal yfirskattanevnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kærur ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. . . . <sup>1)</sup>

□ Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanevnd afla frumgagna . . . <sup>1)</sup> varðandi hina kærðu ákvörðun . . . <sup>1)</sup>

□ Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanevnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kærur, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað . . . <sup>1)</sup> [Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbót-  
arupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.] <sup>2)</sup>

□ [Yfirskattanevnd er jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákveðinn frest í því skyni.] <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 69. gr. <sup>2)</sup> L. 96/1998, 2. gr.

*Málflutningur.*

■ **7. gr.** Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanevnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanevndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

□ Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanevnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanevnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

□ [Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástæða er til.

□ Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirskattanevnd innan frests sem þar greinir er yfirskattanevnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 96/1998, 3. gr.

*Lok málsmeðferðar.*

■ **8. gr.** [Yfirskattanevnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

□ Nú fellur úrskurður yfirskattanevndar skattaðila í hag, að hluta eða öllu leyti, og getur yfirskattanevnd þá úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti,

enda hafi hann haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 96/1998, 4. gr.

#### Nefndarmenn.

■ **9. gr.** Í yfirsattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í [85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>1)</sup> um embættisgengi [ríkisskattstjóra].<sup>2)</sup> [Ráðherra]<sup>3)</sup> skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

□ Formaður yfirsattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirsattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

□ Í hverju máli skulu þrjú nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirsattanefndar.

□ Hafi yfirsattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 94. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2009, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 163. gr.

#### Sérfróðir aðilar.

■ **10. gr.** Yfirsattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirsattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

#### Sératkvæði.

■ **11. gr.** Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þriklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

#### Skattframtal sem kæra.

■ **12. gr.** Berist yfirsattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> skal nefndin senda kærana til [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> til uppkvaðningar nýs úrskurðar. [Nefndin skal tilkynna skattaðila og umboðsmanni hans um þá ákvörðun.]<sup>1)</sup>

□ Með slíkt mál skal [ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> fara skv. 99. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>2)</sup> og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirsattanefnd.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 129/2004, 95. gr.

#### [Endurákvörðun vegna kæru.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 96/1998, 5. gr.

■ **13. gr.** [Komi fram í kæru til yfirsattanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki [lágu fyrir]<sup>1)</sup> við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breyttrar niðurstöðu í málinu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa skattaðila kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. 3. mgr. 101. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>2)</sup> með þeim

áhrifum að kæran til yfirsattanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til skattaðila skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal skattaðila 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykkis hans. Fari skattaðili fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirsattanefnd þegar í stað. . . .<sup>1)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 72. gr. <sup>2)</sup> L. 129/2004, 96. gr. <sup>3)</sup> L. 96/1998, 5. gr.

#### [Birting úrskurða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 73. gr.

■ **14. gr.** Yfirsattanefnd skal [birta á vefsíðu sinni]<sup>1)</sup> helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 73. gr.

#### Málskot til dómstóla.

■ **15. gr.** Úrskurður yfirsattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

□ [Frestur [ráðherra]<sup>1)</sup> til málhöfðunar í tilefni af úrskurði yfirsattanefndar er sex mánuðir.

□ Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að mæla með því við [ráðherra]<sup>1)</sup> að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirsattanefndar hnekk og getur hann þá jafnframt farið þess á leit við yfirsattanefnd að úrskurðurinn verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirsattanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

□ Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirsattanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 163. gr. <sup>2)</sup> L. 96/1998, 6. gr.

#### Vanhæfi nefndarmanns.

■ **16. gr.** Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

□ Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærsmål skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi. Starfsmenn yfirsattanefndar.

■ **17. gr.** Yfirsattanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

#### Gjaldabreytingar.

■ **18. gr.** Þegar yfirsattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjaldabreytingu sem nefndin kann að ákveða . . .<sup>1)</sup> Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi, [í almennri póstsendingu eða rafrænt].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 74. gr. <sup>2)</sup> L. 165/2010, 67. gr.

#### Þagnarskylda.

■ **19. gr.** Starfsmönnum yfirsattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til

að krefja yfirsattaneftnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

*Reglugerð.*

■ **20. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirsattaneftndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarareglur sem nefndin skal starfa eftir.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 163. gr.

*Eftirlit.*

■ **21. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur eftirlit með störfum yfirsattaneftndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirsattaneftnd senda [ráðherra]<sup>1)</sup> skýrslu um störf sín.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 163. gr.

*Sektarmeðferð.*

■ **22. gr.** Yfirsattaneftnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til [rannsóknar lögreglu]<sup>1)</sup> og dómsmeðferðar. Við

meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. [Skatt-rannsóknarstjóri ríkisins]<sup>2)</sup> kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

□ Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 27. gr.

*Gildistaka.*

■ **23. gr.** Yfirsattaneftnd skal hefja störf 1. júlí 1992. . .

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I–IV.** . . .